



Þórshöfn 29.01.2026

Umsögn um 322. mál – Samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt 5 ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030

<https://umsagnir.althingi.is/login.aspx?ReturnUrl=%2f>

Til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Sérfræðingur á nefnda- og greiningarsviði: Jón Ingvi Ingimundarson

jon.i.ingimundarson@althingi.is

Nefndaritari: Inga Skarphéðinsdóttir ingaskarp@althingi.is

Úr samgönguáætlun:

Höfn	Kostnaður		2026		2027		2028		2029		2030		2031+	Hlutf. ríkissj.
Verkefni	Heildar-kostn.	Lokið 1.1.2026	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.		
Hafnasamlag Norðurlands														
Akureyri: Torfunefsbyggja, endurbygging stálþils	448	380	68,0	41,1										75%
Akureyri: Tograbryggja austurs, endurbygging (stálþil og þekja, 100 m, -8 m dýpi)	350,0								160,0	51,6	150,0	48,4	+	40%
Hrísey: Hafskipabryggja, nýr ferjurampur	80,0								80,0	38,7				60%
Hafnir Norðurlands														
Húsavík: Þvergarður, endurbygging (stálþil og þekja, 165 m, -6/-8 m dýpi)	394		63,0	38,1	144,0	87,1	187,0	113,1						75%
Húsavík: Þvergarður, lenging (stálþil og þekja, 50 m, -8 m dýpi)	165,0	165,0												60%
Húsavík: Stofndýpkun og þilskurður v. þvergarðs (20.000 m³, -8 m dýpi og 165 m, gróftur/fast)	337	65,0	31,0	15,0	108,0	52,3	133,0	64,4						60%
Húsavík: Flotbryggja (4 x 60 m)	94		94,0	45,5										60%
Húsavík: Dráttarbátur 30 tonn	320	320	-320,0	-154,8							10,0	4,8	+	60%
Húsavík: Strandabakkagarður 600 m grjótagarður	1.200								40,0	19,4	130,0	62,9	+	60%
Langanesbyggð														
Þórshöfn: Endurbygging hafskipabryggju, trébryggju (harðviður, 25 m, -3 m dýpi)	83		83,0	50,2										75%
Þórshöfn: Austurgarður lenging (stálþil og þekja), 100 m í -8m	650								20,0	9,7	80,0	38,7	+	60%

Þórshafnarhöfn

Sveitarstjórn Langanesbyggðar fer fram það við Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að framlög til hafnarinnar á Þórshöfn verði aukin svo ljúka megi þeim framkvæmdum sem byrjað var á árið 2023 eða í það minnsta hluta þeirra þannig að höfnin geti með góðu móti sinnt hlutverki sínu. Í samgönguáætlun (sjá hér á undan hvað varðar höfnina á Þórshöfn) er einungis gert ráð fyrir nauðsynlegri viðgerð á hafskipabryggju sem í raun er bryggja sem notuð er til löndunar. Hér er um að ræða hluta löndunarbryggjunnar sem er trébryggja sem komin er til ára sinna og þolir ekki þann þunga sem hún þarf að bera við út- og uppskipun. Lenging aðalhafnargarðs um 100m til austurs (Liður 4) er ekki á áætlun fyrr en 2029-2030 og þá einungis framlag sem dugar til hönnunar og undirbúnings framkvæmda.



Eitt mikilvægasta atriðið, sem er gerð trébryggju í framhaldi af nýrri aðkomu, er hvergi að finna í áætluninni en sú framkvæmd er lykilatriði í öryggismálum hafnarinnar og bættri aðstöðu útgerðar smábáta og annarra útgerða frá Þórshöfn. Sú aðstaða var áður þar sem uppfyllingin var sett (Fskj 1 og 1a)

Markmið þessara framkvæmda var og er að:

- Auka athafnasvæði hafnarinnar með greiðu aðgengi að hafnarkanti.
- Auka umferðaröryggi á svæðinu með bættum samgöngutengingum.
- Styrkja hafnsækna starfsemi á Þórshöfn með nýjum lóðum og byggingarheimildum sem styðja við uppbyggingu á svæðinu.
- Skapa góð skilyrði fyrir smábátahöfn og viðlegurými.

Megin þættir þeirra framkvæmda sem lagt var í 2023 voru eftirfarandi:

1. Stækkun athafnasvæðis innan hafnarinnar um 4200m² með fyllingu úr efni sem kom upp úr höfninni við dýpkun hafnarinnar (Fskj. 2). Dýpkunin var hluti þeirra framkvæmda sem lagt var út í og hægt var að nota stóran hluta þess efnis í fyllingu. Þetta var gert til að stækka athafnasvæði hafnarinnar samkvæmt markmiðum. Skipting þessarar stækkunar er þannig að 45% af nýrri uppfyllingu var til að stækka athafnasvæði Ísfélags hf. en um 55% til að skapa betri aðstöðu fyrir aðra útgerð frá Þórshöfn m.a. útgerð smábáta. Nauðsynlegt var að auka frystigetu Ísfélags hf. vegna breyttra aðstæðna á mörkuðum erlendis þar sem betra, ódýrara og hagkvæmara var að geyma vöruna á Íslandi og flytja út vörur eftir eftirspurn í stað þess að vera með lager í útlöndum. Þessum þætti er lokið, það er, dýpkun hafnarinnar, gerð uppfyllingar og bygging nýs frystiklefa en frágangur svæðisins er eftir sem felur m.a. í sér betri aðstöðu fyrir aðra útgerð frá Þórshöfn og betri aðkomu að höfninni (sjá 3. lið) með gerð nýrrar og öruggari aðkomu og trébryggju í framhaldi af henni.

2. Við stækkun athafnasvæðisins með fyllingu inni í höfninni myndaðist flái út í höfnina þar sem áður var aðstaða fyrir smábáta. Samkvæmt nýju deiliskipulagi (fskj. 3) er ætlunin að koma fyrir trébryggju við þennan fláa, í beinu framhaldi af nýrri aðkomu (sjá lið 3) þar sem smábátar geta athafnað sig og tengja við hana tvær flotbryggjur sem fyrir voru í kverkinni (fsk. 1). Vegagerðin hefur reiknað út að kostnaður við gerð trébryggjunnar verði um 240 milljónir króna. Sveitarfélagið hefur þegar við gerð fjárhagsáætlunar 2026 gert ráð fyrir sínum hlut (40%) í gerð trébryggjunnar. Samkvæmt hafnarlögum 61/2003 24. gr. c liðar styrkir ríkið slíka framkvæmd með allt að 60% af kostnaði.

3. Ný aðkoma. Allt frá því að núverandi aðalskipulag, með síðari breytingum tók gildi árið 2007 hefur verið gert ráð fyrir nýrri aðkomu að höfninni frá Fjarðarvegi. Núverandi aðkoma er eftir Eyrarvegi frá krossgötum Eyrarvegar, Langanesvegar, Fjarðarvegar og Bakkavegar (sjá meðfylgjandi loftmynd fsk. 1a). Þessi aðkoma er mjög erfið og hættuleg á þessum krossgötum. Með nýju deiliskipulagi hafnarinnar frá 2024 var enn gert ráð fyrir nýrri aðkomu frá Fjarðarvegi (Bryggjuvegi). Þessi aðkoma er mun öruggari og umferð beint að fyrirhuguðu bílastæði við trébryggjuna sem yrði athafnasvæði smábáta. Þetta er brýnt öryggismál fyrir höfnina og umferð að og frá henni.

4. Lenging hafnargarðs (austur/vestur). Hér er átt við lengingu hafnargarðsins sem í samgönguáætlun er kallaður Austurgarður. Með lengingu hafnargarðsins fæst mun meira viðlegupláss og pláss til upp- og útskipunar frá höfninni en markmiðið með því er að þegar tvö ski eru að landa gæti þriðja skipið haft viðlegu. Samkvæmt mælingum gæti lenging hafnargarðsins skapað enn meiri kyrrð í smábátahöfninni fyrir innan (Berið saman loftmynd á fsk. 1a og gildandi deiliskipulag á fsk. 3)

Höfnin á Þórshöfn er lífæð byggðarinnar í Langanesbyggð. Hátt í helmingur úrsvarstekna sveitarfélagsins kemur frá sjávarútvegi. Höfnin hefur um langt skeið verið ein af þeim hæstu í



lönduðum afla og útflutningi frá landinu (Fsk. 4). Það er því nauðsyn fyrir sveitarfélagið að skapa þau skilyrði við höfnina að hún haldi sinni stöðu og styrkist sem stoð í atvinnulífi í Langanesbyggð og þar með á Norðausturlandi.

Sveitarfélagið hefur nú þegar lagt til 74 milljónir til framkvæmda, þegar dregið er frá framlaga Vegagerðarinnar til hafnarinnar og gerir, eins og áður segir ráð fyrir að greiða sinn hluta í þeim framkvæmdum sem framundan eru. Þá hefur Ísfélag hf. fjárfest fyrir umtalsverða upphæð í nýjum frystiklefa, starfsmannaaðstöðu og fleiri þáttum sem snúa að rekstri þess og styrkja hafnsækna starfsemi á Þórshöfn.

Það setur þó óneitanlega strik í reikninginn að nýlega uppgötvaðist mygla í Grunnskólanum á Þórshöfn þannig að sveitarfélagið þarf að leggja til mikla fjármuni til viðgerðar og/eða nýbyggingar við skólann. Það þrengir óneitanlega stöðu sveitarfélagsins til að standa við áætlun um endurskipulagningu og endurbætur við höfnina. Því voru það mikil vonbrigði að sjá hversu litlu er varið til hafnarframkvæmda á Þórshöfn miðað við mikilvægi hafnarinnar fyrir atvinnulíf og byggð á NA landi.

Kjarni þess sem við viljum kom á framfæri með þessari umsögn er:

- a. Að gert sé ráð fyrir framlagi til trébryggju til að bæta öryggismál hafnarinnar og skapa aðstöðu fyrir útgerð smábáta og annarra úrgerða frá Þórshöfn. Aðgerðin er því mjög brýn. **Hlutur ríkissjóðs í þessari framkvæmd er 145 milljónir króna af heildarkostnaði sem er 241 milljón króna.**
- b. Að samgönguáætlun styðji við markmið Langanesbyggðar um að stórbæta umferðaröryggi við hafnarsvæði með því að leggja nýja aðkomu að höfninni. Aðgerðin er talin mjög brýn. **Hlutur ríkissjóðs í þessari framkvæmd er 18,6 milljónir króna af heildarkostnaði sem er 31 milljón króna.**
- c. Að undirbúningi á lengingu austurgarðs sé flýtt enda er sú framkvæmd lykilforsenda áframhaldandi styrkingar sjávarútvegs frá Þórshöfn og þar með grundvöllur verðmætasköpunar og skatttekna. **Hlutur ríkissjóðs kemur fram í áætluninni en ósk okkar er að þessi undirbúningur hefjist fyrir.**

Það er ekki verið að fara fram á umbyltingu áætlunarinnar heldur aðeins að kosta litlu til við höfnina til að breyta aðstöðu til muna. Alls er farið fram á að framlög þessa árs verði aukin um tæplega 164 milljónir króna.

Aðkoma að grafreitum í Langanesbyggð.

Í Langanesbyggð eru 4 kirkjur og þar af þrjár með grafreiti. Þetta eru Sauðaneskirkja, kirkjan að Svalbarði og Skeggjastaðakirkja. Á Þórshöfn er kirkja og skipulagður grafreitur sem hingað til hefur ekki verið fullkomlega gengið frá og nýttur. Aðkomur að grafreitum við Sauðaneskirkju og kirkjuna að Svalbarði eru í afleitu ástandi og ekki mikið eða kostnaðarsamt verk að leggja bundið slitlag á þær til að auðvelda aðgengi að þeim. Haft verður einnig samband við Þjóðkirkjuna vegna þessa máls.

Breknaheiði

Að lokum vill sveitarstjórn koma á framfæri þökkum til Vegagerðarinnar og fjárveitingavaldsins fyrir að hafa í tilefni þess að 20 ár eru liðin frá sameiningu Skeggjastaðahrepps og Þórshafnarhrepps sem

Langanesbyggð Sveitarstjórn



myndaði sveitarfélagið Langanesbyggð, hafið framkvæmdir við 8 km langan vegspotta sem eftir var á Brekknaheiði. Heiðin tengir saman byggðarlögin Bakkafjörð og Þórshöfn. Það hefur verið langt og strangt ferli að fá þessu framgengt eftir sameininguna en nú virðist sjá fyrir endann á þessu verkefni.

F.h. Sveitarstjórnar Langanesbyggðar

Björn S. Lárusson
Sveitarstjóri.